

Starfslýsing

Bifreiðasmiðir starfa við réttingar á burðarvirki og yfirbyggingu minni og stærri ökutækja, einnig starfa þeir við smíðar og breytingar á yfirbyggingu og burðarvirki bifreiða (ökutækja). Vinnustaður þeirra er oftast réttingar-, málningar- og bifreiðaverkstæði. Bifreiðasmiður er lögverndað starfsheiti.

Hæfnikröfur

Bifreiðasmiður

- vinnur heildstæð verkefni sem byggja á sjálfstæði og skipulagshæfni.
- metur, skipuleggur og útfærir rökrétt vinnuferli við viðgerð, uppbyggingu eða nauðsynleg útskipti bilaðra eða skemmdra hluta í öllum gerðum burðarvirkja og yfirbygginga allra helstu gerða ökutækja og eftirvagna.
- skipuleggur og útfærir rökrétt vinnuferli í nýsmíði ökutækis í krafti eigin hugkvæmni, úrræðasemi og rökvísi.
- hefur til hliðsjónar við viðgerð umferðaröryggi, ástand, útlit og notagildi ökutækis.
- hefur til hliðsjónar við verk sín umferðarlög, fyrirmæli laga og reglugerða um hættuleg efni og vinnubrögð og um gerð og búnað ökutækja.
- fylgir kröfum um umhverfisvernd.
- ráðleggur viðskiptavinum um mögulegar viðgerðir út frá hagkvæmni og með tilliti til óska þeirra, til dæmis um sem lægstan viðgerðakostnað.
- á góð samskipti við samstarfsmenn og viðskiptavini og hefur tileinkað sér kurteisi og umburðarlyndi.
- getur unnið eftir og leyst verkefni sín með aðstoð handbóka og tiltækra stoðgagna.
- getur bæði lesið sér til skilnings um það sem viðkemur starfinu og unnið eftir handbókum og öðru efni, til dæmis á tölvutæku formi, á íslensku og ensku.
- getur skráð vinnuskýrslur og verklýsingar, meðal annars í ferilskrá ökutækis.
- þekkir meginreglur sem rekstur fyrirtækja í greininni byggja á.

Starfslýsing

Bifvélavirkjar starfa við eftirlit, viðgerðir og/eða viðhald hvers kyns vélknúinna ökutækja. Vinnustaður þeirra er bifreiðaverkstæði, skoðunarstöðvar eða skyldir vinnustaðir en þeir geta líka starfað við afgreiðslustörf í varahlutaverslunum. Bifvélavirki er lögverndað starfsheiti.

Hæfnikröfur

Bifvélavirki

- vinnur heildstæð verkefni sem byggja á sjálfstæði og skipulagshæfni.
- metur, greinir og lagfærir allar algengustu bilanir helstu gerða ökutækja, vinnuvéla og eftirvagna.
- gerir við eða skiptir um slitna eða bilaða hluti í helstu gerðum ökutækja, vinnuvéla og eftirvagna.
- hefur til hliðsjónar við viðgerð umferðaröryggi, ástand, útlit og notagildi ökutækis.
- hefur til hliðsjónar við verk sín umferðarlög, fyrirmæli laga og reglugerða um hættuleg efni og vinnubrögð og um gerð og búnað ökutækja.
- fylgir kröfum um umhverfisvernd.
- ráðleggur viðskiptavinum um mögulegar viðgerðir út frá hagkvæmni og með tilliti til óska þeirra, til dæmis um sem lægstan viðgerðakostnað.
- á góð samskipti við samstarfsmenn og viðskiptavini og hefur tileinkað sér kurteisi og umburðarlyndi.
- getur leyst verkefni sín með aðstoð handbóka, tiltækra stoðgagna og annars efnis, til dæmis á tölvutæku formi, á íslensku og ensku.
- getur skráð vinnuskýrslur og verklýsingar, meðal annars í ferilskrá ökutækis.
- þekkir meginreglur sem rekstur fyrirtækja í greininni byggja á.

Starfslýsing

Bílamálarar starfa við að undirbúa bifreiðar fyrir sprautun og að sprauta þær. Vinnustaður þeirra er bílamálingarverkstæði eða skyldir vinnustaðir. Bílamálari er lögverndað starfsheiti.

Hæfnikröfur

Bílamálari

- vinnur heildstæð verkefni sem byggja á sjálfstæði og skipulagshæfni.
- metur, skipuleggur og skilar faglegri vinnu við bílamálun miðað við fyrirmæli framleiðanda ökutækja og/eða framleiðendur málningar- og fylliefna og nýjustu tækni í bílamálun.
- sinnir öðrum verkefnum en málun ökutækja ef um málunartækni bílamálara er að ræða.
- umgengst nauðsynleg efni í bílamálun með tilliti til eiginleika þeirra og gæða.
- umgengst nauðsynleg efni í bílamálun með tilliti til heilsufarslegra áhrifa.
- hefur til hliðsjónar umferðarlög, fyrirmæli laga og reglugerða um hættuleg efni og vinnubrögð og um gerð og búnað ökutækja við verk sín.
- fylgir kröfum um umhverfisvernd.
- á góð samskipti við samstarfsmenn og viðskiptavini og hefur tileinkað sér kurteisi og umburðarlyndi.
- getur leyst verkefni sín með aðstoð handbóka, tiltækra stoðgagna og annars efnis, til dæmis á tölvutæku formi, á íslensku og ensku.
- getur lesið sér til skilnings handbækur og annað efni á íslensku og ensku, til dæmis á tölvutæku formi, um það sem viðkemur starfinu.
- getur skráð vinnuskýrslur og verklýsingar, meðal annars í ferilskrá ökutækis.
- þekkir meginreglur sem rekstur fyrirtækja í greininni byggja á.